

Samkomulag
Félags íslenskra hljómlistarmanna
og
Sinfóníuhljómsveitar Íslands

1.gr.

Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) hafa orðið ásátt um að eftirfarandi skuli gilda varðandi kaup og kjör þeirra sem ráðnir eru hjá SÍ til skemmri tíma en 30 þjónustur á hverju starfsári.

2.gr

Frá 1. apríl 2024 skal greitt 36.749 fyrir hverja þjónustu.

Frá 1. apríl 2025 skal greitt 38.036 fyrir hverja þjónustu.

Frá 1. apríl 2026 skal greitt 39.367 fyrir hverja þjónustu.

Frá 1. apríl 2027 skal greitt 40.745 fyrir hverja þjónustu.

3.gr

Þau sem falla undir þetta samkomulag skulu boðuð til allra þeirra þjónusta sem verk það (þau) er leikið sem þau eru ráðin til. Ef hljóðfæraleikari, sem fengið hefur afhentar nótur vegna fyrirhugaðra tónleika er afboðaður gilda eftirfarandi ákvæði:

- Allar þjónustur eru greiddar ef afboðað er með minna en viku fyrirvara
- Tvær þjónustur skulu greiddar ef afboðað með 1-2 vikna fyrirvara
- Ein þjónusta skal greidd ef afboðað er með meira en 2 vikna fyrirvara

Fyrirvari í afboðunarákvæðum hér að ofan miðast við fyrstu þjónustu fyrir hverja tónleika.

Greitt er álag fyrir þjónustur sem eru um kvöld og helgar:

Vaktaálag I (kl. 17:00-24:00 mánudaga til fimmtudaga)

frá 1. apríl 2024 5.807,

frá 1. apríl 2025 6.010,

frá 1. apríl 2026 6.221 og

frá 1. apríl 2027 6.438.

Vaktaálag II (kl. 17:00-24:00 föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Sérstaka frídaga 00:00-24:00)

frá 1. apríl 2024 9.582,

frá 1. apríl 2025 9.918

frá 1. apríl 2026 10.265 og

frá 1. apríl 2027 10.624

Vaktaálag III (kl. 00:00-24:00 stórhátíðardaga)

frá 1. apríl 2024 15.680,

frá 1. apríl 2025 16.229,

frá 1. apríl 2026 16.797 og

frá 1. apríl 2027 17.385

4.gr.

Hver þjónusta standi í allt að 3,0 klst. en reiknist sem 4,0 klst miðað við nógildandi stofnanasamning SÍ og Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Verði breyting þar á skal greinin endurskoðuð.

5.gr.

- Fyrir leik á aukahljóðfæri, eitt eða fleiri, greiðist 30% álag ofaná greiðslur skv. 2. gr. í samkomulagi þessu.

- Fyrir hljóðfæraleik í leiðarastöðu greiðist 15% álag ofaná greiðslur skv. 2. gr. í samkomulagi þessu.

6.gr.

Heimilt er að útvarpa og sjónvarpa tónleikum sem hljómsveitin ákveður. Sí fær ótakmarkaðan rétt til að nýta allan sýningar- og útgáfurétt á tónleikum. Réttur þessi nær til sýninga í hvers konar sjónvarpi ásamt útgáfu þeirra og dreifingar á sölu- og leigumyndböndum, mynddiskum (DVD), á interneti og til hvers konar nýtingar og endurnýtingar í öllum miðlum sem þekktir eru í dag eða kunna að þróast á komandi árum.

7.gr.

Sambærileg ákvæði gilda um ferðir utan Reykjavíkur og utanlands og gilda skv. kafla 5 í kjarasamningi fjármálaráðherra og SMFSÍ.

8.gr.

Um greiðslu orlofs fer skv. gr. 4.2, tryggingar eru í samræmi við kafla 7 og um veikindarétt fer í samræmi við gr. 12.2.4. í samningi fjármálaráðherra og SMFSÍ. Greiða skal 8,8% hljóðfæragjald ofan á laun skv. 2.gr. í samkomulagi þessu. Fatapeningar verði 1.800 kr. Niðurgreiðsla vegna kostnaðar við bílastæða-vikupassa (í Hörpu) er 1.000 kr. Greiða skal félagsgjald 1,2%, 1% í sjúkrasjóð og 0,25% í orlofssjóð BHM.

9. gr.

Vinnulaun greiðast mánaðarlega eftir á, fyrsta virka dag hvers mánaðar og yfirvinna í samræmi við venjur. Launatímabilið reiknast frá 16. síðasta mánaðar til 15. yfirstandandi mánaðar og eru greidd 1. næsta mánaðar.

10.gr.

Meðan þeir sem vinna skv. samkomulagi þessu eru að störfum fyrir Sí er hljómsveitinni skylt að tryggja hljóðfæri fyrrnefndra á sambærilegan hátt og hljóðfæri þeirra sem vinna skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og SMFSÍ.

11.gr.

Þessi samningur er afturvirkur frá 1. apríl 2024. Varðandi samninga til framtíðar eru aðilar sammála um að afturvirkni lausavinnusamningsins gildi frá dagsetningu samnings fyrir fastráðin hjá Sí hverju sinni. Lausavinnusamningurinn er alltaf gerður beint í kjölfar samnings fyrir fastráðin og fylgir niðurstöðu síðarnefnda samningsins um breytingu á launakjörum.

12.gr.

Samkomulag þetta gildir til 31. mars 2028 og rennur út án uppsagnar.

Reykjavík, 25. september 2025

Fyrir hönd Sinfóníuhljómsveitar Íslands,

Fyrir hönd Félags íslenskra hljómlistarmanna,

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri

Gunnar Hrafnsson
formaður

Fullgild rafræn undirskrift

GUNNAR KVARAN HRAFNSSON

Kennitala: 050657-4859
2025-09-25 13:21:24 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

GUÐNI TÓMASSON

Kennitala: 080976-2919
2025-09-25 13:27:28 GMT
Ástæða: Undirskrift